

taka bráðabirgðalán, sem jafnan greiðist að fullu á sama reikningsári með niðurfjöfnuðum gjöldum félagsmanna. Vexti af slíku láni má telja með öðrum kostnaði. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

10. gr.

Nú telur landbúnaðarráðherra eftir tillögum ráðunauts ríkisstjórnarinnar í vatnamálum, að nauðsyn sé til umbóta á varnargörðum eða nýrra mannvirkja frekar en félagsstjórn hefur áformað og skal þá félagsstjórn skylt, er hún hefur fengið tilkynningu þar um, að láta framkvæma þau verk svo fljótt, sem nauðsyn krefur, ef ástæður leyfa og fé er fyrir hendi.

11. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félagsskapnum og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um tillögur til breytinga á samþykkt þessari, sbr. 5. gr., enda staðfesti landbúnaðarráðherra samþykkt um félagsslitin.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari skal varða sektum, er renna í félagssjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15. 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar í stað gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. nóvember 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Þjórsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Þjórsár.

Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Þjórsá, frá sjó að Búðafossi og Hestfossi, ásamt fiskgenga hluta Kálfár og Steinslæk, en þær eru:

Gaulverjabæjarhreppur: Selpartur, Hólmasel, Traustsholtshólmi, Arabær, Arabæjarhjáleiga, Krókur, Fljótshólar austurbær, Fljótshólar vesturbær.

Villingaholtshreppur: Skálmholt, Heiðarbær, Þjótandi, Urriðafoss, Egilsstaðir I, Egilsstaðir II, Villingaholt, Mjósund, Forsæti I, Forsæti II, Ferjunes, Efri-Sýrlækur, Syðri-Sýrlækur, Egilsstaðakot.

Skeiðahreppur: Kálfhóll I, Kálfhóll II, Skeiðháholt I, Skeiðháholt II, Skeiðháholt III, Blesastaðir I, Blesastaðir II, Votamýri I, Votamýri II, Húsatóftir I, Húsatóftir II, Húsatóftir III, Reykir, Reykhóll, Reykjahlíð.

Gnúpverjahreppur: Sandlækur I, Sandlækur II, Breiðanes, Sandlækjarkot, Þrándarholt, Þrándarlundur, Stöðulfell, Miðhús I, Miðhús II, Stóra-Hof I, Stóra-Hof II, Minna-Hof, Árnes (eyja), Bólstaður, Eystra-Geldingaholt, Hamar, Eystra-Geldingaholt II, Skaftholtsland, Austurhlíð, Steinsholt I, Steinsholt II, Skáldabúðir, Ásar, Móar, Stóra-Mástunga I, Stóra-Mástunga II, Minni-Mástunga, Hamarsheiði I, Hamarsheiði II.

Djúpárhreppur: Sandhólaferja, Háfshóll, Háfur, Háfshjáleiga, Brautartunga, Hali, Þykkvibær.

Ásahreppur: Ásmúli, Hárlaugsstaðir, Borgarholt, Framnes, Ás I, Ás II—IV, Hellatún I, Hellatún II, Ásmundarstaðir, Hamrahóll, Syðri-Hamrar vesturbær, Syðri-Hamrar austurbær, Hús I, Hús II, Bólstaður, Sel, Áshóll, Sauðholt, Efri-Hamrar, Efri-Sumarliðabær, Neðri-Sumarliðabær, Kálfholt, Krókur, Herriðarhóll, Þjórsártún, Læjartún, Hellir, Veleifsholt I, Veleifsholt II, Veleifsholtspartur, Lindarbær, Rifshalakot.

Holtahreppur: Akbraut, Gíslaholt, Kaldárholt, Kambur, Lækur.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, tveir meðstjórnanda eftir tvö ár og hinir eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal fjóra varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að tveir varamenn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marz mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. nóvember 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. nóvember til 31. desember 1972.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest grundvallarverð á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. nóvember til 31. desember 1972:

Vélskelflett rækja:

		Cif.
1. 10 × 4 × 1 lb., blokkfryst	£ 0.59	pr. lb.
2. 24 × 1 lb., blokkfryst	— 0.60	— —
3. 2 × 5 kg, sérfryst	— 0.60	— —
4. 4 × 2 kg og 5 × 2 kg, sérfryst	— 0.60	— —
5. 24 × 450 gr, sérfryst	— 0.60	— —
6. 1 × 25 lbs., sérfryst	— 0.60	— —

Handskelflett rækja:

Í saltlegi	— 0.63	— —
------------------	--------	-----

Verðbil verði 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádragnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. nóvember 1972.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.